

Íngólfr 10 jún 1904

Ljóðmæli eftir *Matthías Jochumsson* I—II
bindi. 1902—'03. Kostnaðarmaður:
David Östlund.

Til eru þeir, sem eru skáld og irkja þó ekki, en eunþá miklu fleiri munu hinir, sem ekki eru skáld þótt irki.

Enginn skinberandi maður, mun nokkurn tíma hafa efast um, að *Matthías Jochumsson* væri skáld, og sé íbúgað hvað orðið þíðir þá er jafnvel eins og það eigi sérlega vel við hann. Alt sem vel er kveðið minnir einhvern veginn á öldufall eða straum og af því leiðir að hægra er að muna slikt og mæla fram, en óbundið mál. En á þessu biggist aftur að mönnum eru oftast kvæðin kærari og þikja þau fegurri; því að einhver gagnsemsrót er upphaflega undir allri fegurð, þó að það sé oft ervitt að grafast fyrir þær rætur.

Það mætti hér líka benda á, hvernig mál-snildin á Íslandingasögum ekki síst er komin af því, að snjallir sögumenn hafa velt fyrir sér setningunum þangað til þær gátu ekki farið betur í munn. Og það mundu sjást færri klaufalegar setningar á prenti, ef menn hefðu það jafnan hugfast þegar þeir rita, hvað muni tungutamast.

En í þessu efni erum vér ekki vel á vegi staddir, því að málið er óðum að spillast og mörg góð íslensk orð hafa þokað úr sæti fyrir útlendum uppskafningum; af andlegum kotungsskap vorum sprettur það að oss þikja útlendu orðin tilkomu meiri.

Íslenska fornaldarinnar var eins og straum-hörð á, er setti sitt mót á hvaðeina sem í hana barst, en íslensku nútímans mætti líkja við læk í stórarfarvegi og gruggugan þó, því að hann er svo afltíll að hann ræður ekki við það sem utan að berst¹⁾.

Hvert fagurt kvæði er nú eins og lofgjörð um íslenskuna og þíðing skáldanna fyrir þjóð-lífið er ekki síst sú að þeir glæða ást vora á tungu forfedranna, sem hefir að geima — þeim er skilja — vit þeirra og reinslu að svo miklu leiti sem það varð í orðum falið. Í þessa átt hefir nú *Matthías Jochumsson* verið næsta mikilvirkur.

Hat einer dreissig Jahr vorüber
so ist er schon so gut wie todt“
segir Goethe og líkt því kveður hið vitra og ágæta skáld *Stephan G. Stephanson*:

¹⁾ Sjá auglýsingamálið.

„Hefðum vér hann hengt um þritugt
hefði hann orðið maður frægur“.

Þetta á ekki við um séra *Matthías*; hann hefir aldrei ort betur en á sívari árum, eða jafnvel aldrei eins vel; sjá t. a. m. hið ágæta kvæði um málið (sem einkum hefir komið á stað þeim hugleiðingum sem áður voru skráðar) (II. bls. 163) eða „Skagafjörður“ (II. bls. 115).

„Ótal sjónir ginna, villa
dillá, blinda, töfra, trilla,
trufar augað máttug sól.“

Það gæti einkum verið þetta kvæði sem hinn orðhæfni *Stephan G. Stephanson* hefir haft í huga, þegar hann kveður um „orðguóttar flug“ séra *Matthíasar*, meiri straumi er víst líka óviða að finna í íslensku máli en í þessu kvæði.

Það irði annars svo langt mál, ætti að fara að tala um einstök kvæði, að því verður að sleppa hér.

Séra *Matthías* og *Steingrímur Thorsteinsson* eru oft nefndir í sömu andranni. Einn aðalmunur á þeim er sá, að þar sem *Steingrímur* er annast um að mála með orðunum, þá lætur *Matthías* þau singja. Orðið „hágrænn“ t. a. m. er líklega hvergi til í kvæðum *Steingrims*; það orð eitt virðist mér sína, að *Matthías* er að minsta kosti ekki first og fremst málari. Aftur á móti hef ég ekki rekið mig á orðið „blikiskær“ í kvæðum séra *Matthíasar*.

Ekki má svo stuttlega geta kvæða séra *Matthíasar*, að ekki sé minnst á þíðingar hans. Ég hef heirt mann segja, sem afbragðs vel hefir vit á slíku, að hann higði séra *Matthías* mundu vera einhvern besta þíðandann, sem nú er uppi, hvar sem leitað væri, og hvað sem því líður, þá er víst óhætt að segja að jafu lagurómandi snild og getur verið á þíðingum hans er mjög sjaldgæf á kvæðum sem ekki eru frumsamin.

Þó að flest kvæðin í þessum tveim bindum sem nú eru útkomin, háfi áður sést einhverstaðar á prenti, þá verða menn fegnir að fá þau í einni heild; og þó að allir séu ef til vill ekki sammála um að telja séra *Matthías* allra first þegar íslensku skáldin eru nefnd, þá mun enginn neita því, að hann er eitt af fremstu skáldum þessa lands, skáldæð hans er svo full, hjartaslagið svo öflugt, flugið svo mikið.

Bindin eru snotur útlits en prentun gæti verið talsvert betri; stafirnir eru stundum skörðóttir, stundum klestir og prentvillur of margar.

Helgi Pétursson.